E N D U R R I T
Ú R D Ó M A B Ó K
H É R A Ð S D Ó M S R E Y K J A V Í K U R

Málið nr. S-624/2014
Ákæruvaldið
(Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari)
gegn
Gunnari Scheving Thorsteinssyni
(Garðar Steinn Ólafsson hdl.)

Dómur 17. mars 2015

GSM/et

Árið 2015, þriðjudaginn 17. mars, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Guðjóni St. Marteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. S-624/2014: Ákæruvaldið gegn Gunnari Scheving Thorsteinssyni en málið var dómtekið 6. þ.m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 9. júlí 2014, á hendur:

„Gunnari Scheving Thorsteinssyni, kennitala 181083-3799,
Brávallagötu 14, Reykjavík,

Fyrir neðangreind brot í opinberu starfi, sem lögreglumaður hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu:

1. Með því að hafa á tímabilinu 7. október 2007 til 16. nóvember 2013 flett upp nöfnum 45 kvenna í málaskrárkerfi lögreglunnar og skoðað þar upplýsingar um konurnar, án þess að uppflettingarnar tengdust starfi hans sem lögreglumanns, og þannig misnotað stöðu sína í því skyni að afla sér upplýsinga um konurnar.

Telst þetta varða við 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

2. Með því að hafa mánudaginn 20. ágúst 2012, sent tölvuskeyti á samskiptasíðu (e. Facebook), til B , kennitala , með upplýsingum sem leynt áttu að fara, en ákærði sendi B nafn og lýsingu á 13 ára gömlum dreng sem ákærði hafði afskipti af í starfi sínu sem lögreglumaður, auk upplýsinga um ástæðu afskiptanna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Undir dómsmeðferð málsins féll ákæruvaldið frá 1. lið ákæru.

Verjandi ákærða krefst sýknu og að allur sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði.

Ákæruliður 2

Ákærði neitar sök. Hann kvað atburðinn sem í ákæru greinir hafa átt sér stað á
Hann hafi verið einn við störf á lögreglubíl er tilkynnt var um
og hafi viðkomandi ráðist á

Ákærði kvaðst hafa verið næstur þessum stað og farið á vettvang. Þá hafi komið í ljós að pilturinn, sem um ræðir, hafi reynt að halda honum. Ákærði hefði þá komið þeim til aðstoðar en pilturinn náð að skalla ákærða í andlitið auk þess að hrækja á hann. Lögreglumaður á frívakt kom þá til aðstoðar og lýsti ákærði þessu. Pilturinn var fluttur á brott. Síðar þennan dag hafi ákærði verið í forgangsakstri á lögreglubifreið á leið í útkall er ekið var inn í hlið lögreglubifreiðarinnar. Dagurinn hafi þannig verið erfiður og lýsti ákærði þessu. Er ákærði kom á lögreglustöðina til að bóka þessi mál hafi hann rætt við B trúnaðarvin sinn. Ákærði lýsti því að hann hefði verið í nokkru uppnámi en greint B frá því á Facebook að hann hefði orðið fyrir árás. Hann hefði ekki lýst samskiptum sínum við piltinn og hann hefði ekki rætt lögregluafskiptin af honum. Ákærði hefði aðeins greint frá því að hann hefði orðið fyrir árás einstaklings sem hann nafngreindi. Ákærði kvað sér vel ljóst kvað fælist í þagnarskyldu lögreglu en við nám í lögregluskólanum hafi verið fjallað um það að lögreglumenn verði að geta treyst og rætt við fjölskyldu og trúnaðarvini um mál eins og ákærði kvaðst hafa gert í þessu tilviki. Hann hafi þannig talið sér heimilt að ræða við trúnaðarvin sinn um það sem hann hafði orðið fyrir, þ.e. árás, en í samskiptum við B hafi ekki komið fram að hann hafi verið við lögreglustörf. Hann hafi þannig ekki haft ásetning til að deila upplýsingum um lögreglustörf sín. Hann kvað aldrei hafa hvarflað að sér að það gæti verið andstætt lögum að greina B frá þessu og það sé ekki í samræmi við þá kennslu sem hann hlaut í lögregluskólanum og hann hafi aldrei heyrt að lögreglumenn væru ákærðir fyrir eitthvað þessu líkt. Ákærði kvað B lengi hafa unnið með þroskaheftum einstaklingum og fólki sem eigi við andlega fötlun að stríða. Hann lýsti starfi B og því að hann taldi ákveðinn snertiflöt á starfi þeirra en B væri einnig bundinn trúnaði vegna starfs síns. Hann kvað ekkert hafa komið fram í samskiptum þeirra B sem eðli máls samkvæmt ætti að fara leynt eða varðaði persónulega hagsmuni piltsins sem um ræðir eða um málefni lögreglunnar. B hefði greint sér frá andlegri líðan piltsins sem um ræðir og hafi ákærði því ákveðið að hvorki kæra né krefjast bóta vegna atviksins í miðbænum. Ákærði kvaðst ekki telja að hann hafi með þessu gerst brotlegur við lagaákvæðið sem í ákæru greinir.

Niðurstaða

Ákærði neitar sök. Hann greindi B, trúnaðarvini sínum, frá atviki sem hann varð fyrir þennan dag. Ekki kemur fram í samskiptunum við B að ákærði hafi verið við lögreglustörf er atburðurinn átti sér stað. Ákærði kvað ekki hafa hvarflað að sér að það gæti verið andstætt lögum að greina B frá þessu, það væri hvorki í samræmi við þá kennslu sem ákærði hlaut í

lögregluskólanum né hafi hann heyrt að lögreglumenn væru ákærðir fyrir eitthvað þessu líkt. Ákærði kvaðst þannig í raun hafa rætt við B um persónuleg mál sín en upplýsingarnar sem hann fékk frá B um þroska piltsins sem um ræðir urðu til þess að ákærði aðhafðist ekki frekar í málinu.

Að öllu ofanrituðu virtu er það mat dómsins að ákærði hafi ekki, með tölvuskeytinu til B raskað neinum þeim hagsmunum sem 1. mgr. 136. gr. almennra hegningarlaga er ætlað að tryggja. Ákærði hafi því verið í góðri trú er hann sendi B tölvuskeytið sem um ræðir. Ber samkvæmt þessu að sýkna ákærða.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin 3.999.930 króna málsvarnarlaun Garðars St. Ólafssonar héraðsdómslögmanns en þóknunin er fyrir vinnu lögmannsins undir rannsókn málsins og dómsmeðferð og hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Þá greiði ríkissjóður verjandanum 11.600 krónur í aksturskostnað.

Kolbrún Benediktsdóttir saksóknari flutti málið fyrir ákæruvaldið.

Guðjón St. Marteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Scheving Thorsteinsson, er sýknaður af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði þar með talin 3.999.930 króna málsvarnarlaun Garðars St. Ólafssonar héraðsdómslögmanns og 11.600 krónur vegna aksturskostnaðar verjandans.

Guðjón St. Marteinsson

---------- ---------- ----------

Rétt endurrit staðfestir,
Héraðsdómur Reykjavíkur, 17. mars 2015